

Textílmennt 3.bekkur

Meginmarkmiðið er að þroska með nemendum eigin verkkunnáttu með skapandi starfi. Nemendur fá tækifæri til þess að njóta og skapa og finna hæfileikum sínum farveg með eigin listsköpun.

Hæfniviðið

Að nemendur

- þroski með sér eigin listsköpun með því að fá að njóta og kynnast mismunandi handverki með skapandi starfi,
- geti nýtt eigin verkkunnáttu og tækni og beitt samhæfingu huga, hjarta og handar með mismunandi tjáningarleiðum og vinnuaðferðum,
- geti fært eigin hugmynd í verkefni sem verður að fullunnu verkefni,
- efli verkkunnáttu sem stuðlar að og byggir upp jákvæða sjálfsmynd,
- sýni frumkvæði og hæfni í þekkingarleikni, sköpunarfærni, félagsfærni og geti aflað sér nýrrar þekkingar,
- fá tækifæri til þess að skapa hæfileikum sínum farveg á eigin forsendum

Kennsluhættir

Þekkingaröflun og framkvæmd, forma, framleiða og nota eigin tækni. Kennsla fer fram með sýnikennslu, beinni kennslu, leiðsagnakennslu og beinni verklegri kennslu.

Námsmat

Símat, snýst um einstaklingsmiðað mat þar sem virkni, áhugi og “verklagni” nemenda, er metin jafnóðum. Leiðsagnamat, þar sem fram fer leiðsögn jafnóðum og verkefni eru unnin. sjálfsmat, felst í því að nemendur meta eigin verkefni og virkni með þar til gerðum sjálfsmatsblöðum.

List og verkgreinar

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið byggir á þjálfun í ákveðnum þáttum þar sem mismunandi kennsluaðferðir eru notaðar. Námið reynir á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, fjölbreyttar vinnuaðferðir og hvernig á að koma hugmynd í verk. Mikilvægt er að námið sé stígandi eftir getu nemandans. Samþætta námið við daglegt líf með áherslu á verkferlið og upplifunina.

Læsi - Nemendur geri sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur á sviði list- og verkgreina og séu meðvitaðir um að í þessum greinum séu fjölbreyttir náms- og atvinnumöguleikar. Nemendur þekki undirstöðuratriði hvernar greinar og kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum. Nemendur þekki helstu hugtök og heiti hvernar greinar og geti notað þau verkfæri sem til þarf.

Nemendur séu virkir þáttakendur. Mikilvægt er að við sköpum nemendum aðstæður og tækifæri fyrir eigin hugmyndir og hæfileika til sköpunar í tengslum við nær umhverfi og menningu. Nemendur tileinki sér læsi á mismunandi menningu, form, myndir, heilsu og næringu, líkamstjáningu, tilfinningar sínar og annara, tækni, umhverfi o.fl. Nemendur geti sagt frá og þekki hvaða efni þeir eru að vinna með.

Sjálfbærni - Nemendur séu virkir þáttakendur í sínu eigin námi. Nemendur takist á við margvísleg fjölbreytt verkefni í tengslum við umhverfið sitt.

Lýðræði og mannréttindi - Stúlkur og drengir hafi jafna möguleika til náms í list- og verkgreinum. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkum. Nemendur beri virðingu fyrir öðrum nemendum, skoðun þeirra og eigin umhverfi. Nemendur fá tækifæri til að þroskast í list- og verkgreinum á eigin forsendum.

Heilbrigði og velferð - Að nemendum líði vel og tekið sé tillit til þarfa hvers og eins. Að efla styrkleika hvers og eins nemenda. Að samskipti séu góð. Hreinlæti sé gott.

Sköpun - Nemendur efli þekkingu sína og geti tengt við fyrri þekkingu og skapað þannig nýja. Að nemendur fái aukið val til að sýna frumkvæði í eigin verkefnavali. Nemendur fái að kanna, njóta, spyrja spurninga, smakka, virkja ímyndunaraflíð og prófa. Nemendur læri í gegnum leik.